



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

Dags. fundar 14.11.23	Tími 17:00	Staður L-101	Nr. fundar 7.
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	Dags. rituð 14.11.23	

Fundaraðilar mættir:

Félagsvísindasvið:

Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
Kristmundur Pétursson (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
Kristrún Vala Ólafsdóttir fyrir Daniel Thor Myr (Röskva)
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)

Hugvísindasvið:

Guðni Thorlacius (Röskva)
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Menntavísindasvið:

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)
Alex Elí Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

María Rós Kaldalóns (Röskva)
Davíð Ásmundsson (Röskva)
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)

Aðrir (án atkvæðisréttar)

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (Ritari)
Gísli Laufeyjarsón Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ
Kolbrá Brynjarsdóttir
Berglind Bjarnadóttir
Guðrún Rós Guðmundsdóttir
Viktor Pétur Finnson
Arent Orri Jónsson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Fjóla María Sigurðardóttir
Linda Rún Jónsdóttir
Sóley Anna Jónsdóttir
Thelma Jeanne Bonthonneau
Agla Arnars Katrínardóttir
Þorsteinn Magnússon

Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Menntavísindasvið:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 14. nóvember 2023 í stofu L-101

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðastu funda Stúdentaráðs þann 9. október, 19. október og 26. október borin upp til samþykkt (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15
Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)
4. Tilkynningar og mál á döfinni 17:15-17:30
Announcements and issues ahead
5. Umræður um ólögmati skrásetningagjaldanna - Rakel Anna Boulter og Gísli Laufeyjarson Höskuldsson 17:30-17:45
Discussions on the registration fee - Rakel Anna Boulter and Gísli Laufeyjarson Höskuldsson
6. Tímalína stórra mála SHÍ - Rakel Anna Boulter 17:45-18:30
An overview on important matters SHÍ
7. Fundarhlé 18:00-18:10
Intermission
8. Tillaga um úttekt á vinnubrögðum skrifstofu SHÍ (atkvæðagreiðsla) - Júlíus Viggó Ólafsson 18:45-19:00
Proposal for review of working practices in the Student Rights Office (voting)
9. Tillaga um viðbót við framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar (atkvæðagreiðsla) - Berglind Bjarnadóttir 19:00-19:15
Proposal to update the Student Council's Transportation and Environmental Affairs Committee implementation plans (voting) - Berglind Bjarnadóttir
10. Önnur mál 19:15-19:30
Other issues
11. Bókfærð mál
Recorded issues
12. Fundi slitið 19:30



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 14. nóvember 2023 í stofu L 101

Agenda Student Council Meeting on November 14th, 2023, in room L 101

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fundargerðir síðustu þriggja funda Stúdentaráðs bornar upp til samþykktar

(atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10

Vote on minutes from the last three Student Council meetings

- a. Atkvæðagreiðsla

Fundargerð 5. fundar – **einróma samþykkt með 17 atkvæðum**

Fundargerð 6. fundar – **einróma samþykkt með 17 atkvæðum**

Fundargerð 7. fundar – **einróma samþykkt með 17 atkvæðum**

3. Eftirstandandi tilnefningar í sviðsráð Stúdentaráðs *(atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15*

Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)

- a. Kosið verður í þær stöður sem voru eftir frá kjörfundi, í sviðsráð Hugvísindasviðs

- b. Vaka tilnefnir Ernu Mist Pétursdóttir

- i. Opið fyrir mælendaskrá

- ii. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

4. Tilkygningar og mál á döfinni 17:15-17:30

Announcements and issues ahead

- a. **Endurskoðun laga um MSNM:** Könnun hefur verið send út til að kanna hvers vegna lántökum hefur fækkað svo mikið síðustu ár. Gísli sótti í kjölfarið fund í ráðuneytið til að ræða næstu skref. Sagt verður frá vendingum í baráttunni fyrir bættu námslánakerfi. *Þetta er einn þáttur í gerð að skýrslu. Það var óánægja meðal okkar með spurningarnar og gerðum við athugasemdir við spurningarnar sem átti að senda út í könnuninni. Tekið var tillit til einhverra athugasemda okkar en alls ekki nóg.*



- b. Starfsemi skrifstofu:** VOFF-dagar gengu vel, möguleg *Antibugunarvika* framundan. Aðgengi að orðabókum - alþjóðafulltrúi og hagsmunafulltrúi eru með það á könnunni. Mental health walks verða mögulega í boði í prófatíð. 20. október kom Stúdentablaðið út – allar greinar eru komnar á netið. Hagsmunafulltrúi er alltaf til staðar fyrir öll hér og einnig fyrir nemendafélögin. Mánaðarlegur pistill forseta er tilbúinn og kemur á morgun.
- c. Stjórn Stúdentaráðs:** Sagt frá síðasta fundi stjórnar og því sem þar fór fram. *Ræddum mál sem fer undir önnur mál. Komið til stjórnar að finna fulltrúa fyrir tilnefningu SHÍ til ungmennaráðs Sameinuðu Þjóðanna þar sem engar umsóknir bárust.*
- d. Samráð við stjórnvöld:** Umsögn um reiknilíkanið skilað í Samráðsgátt. *Nokkrar athugasemdir bárust og unnið var eftir þeim.*
- i.** Forseti spyr hvort að það séu athugasemdir um framkvæmd þessarar rafrænu atkvæðagreiðslu.
 - 1. Júlíus Viggó bendir á að umræður í persónu og atkvæðagreiðsla út frá væri ákjósanlegri framkvæmd en vegna tímasetningar á þessum fundi og skilafrests á umsögninni þá er skiljanlegt að þetta hafi verið framkvæmt svona.**

Kristmundur er sammála og spyr hvort að atkvæðin verði opinberuð.

Forseti svarar því játandi og að þau birtast í ársskýrslunni.
 - ii.** Samráðsfundur við ráðherra – kom ekki mikið fram en ráðherra sagði þó að rektorarnir segist eiga til upplýsingar og gögn varðandi skrásetningagjöldin.
- e. LÍS:** Afmæli LÍS 16. nóvember 2023. *Stúdentaráðsliðar hvattir til að mæta.*
- f. Fulltrúarráðsfundur LÍS:**
- i.** Kosning um dagsetningu á Landsþing LÍS fór fram á fulltrúarráðsfundinum. Dagsetningin 7.-10. Mars staðfest. Skársta dagsetningin sem býðst – allar dagsetningar hafa sína galla. SHÍ þarf að manna 13 fulltrúa.
 - ii.** Fjármögnunarlíkanið rætt og kosið um umsögn. *Forseta fannst þetta fínasta umsögn sem á margt sameiginlegt við umsögn SHÍ. Umsögn LÍS tók hins vegar ekki afstöðu til þessarar 75% framlags af því sem opinberu háskólarnir fá. Eðlileg afstaða þar sem LÍS er með 7 háskóla undir sér, bæði opinbera- og einkarekna.*
 - iii.** Gervigreind í háskólanámi rædd.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

5. Umræður um ólögmati skrásetningagjaldanna - Rakel Anna Boulter og Gísli

Laufeyjarson Höskuldsson 17:30-17:45

Discussions on the registration fee - Rakel Anna Boulter and Gísli Laufeyjarson Höskuldsson

- a. Rakel Anna fer yfir tímalínu ákvörðunartöku skrifstofunnar í aðdraganda málsins.
- b. Gísli fer yfir það sem fór fram á fundi lögfræðinganna.
- c. Mælendaskrá opin:

- i. **Júlíus Viggó** nefnir að það væri ákjósanlegra að eiga umræður í persónu til að hámarka skilvirkni ef til stæði að senda bréf til umboðsmanns Alþingis líkt og Gísli nefndi rétt áður.

Júlía Karín: Hefur Jessý tekið fram hvað hana langar til að gera? **Forseti** svarar því að Jessý sé ekki búin að taka ákvörðun en að hún vilji halda því áfram. Ef einhver leið heillar Jessý frekar en aðrar þá verður ráðið upplýst. Eins og raunin hefur verið fram að þessu verða öll næstu skref SHÍ borin undir ráðið.

6. Tímalína stórra mála SHÍ - Rakel Anna Boulter 17:45-18:30

An overview on important matters SHÍ - Rakel Anna Boulter

- a. Rakel Anna stiklar á stóru í samgöngumálum og skipulagsmálum á háskólasvæðinu undanfarin ár.
- b. Mælendaskrá
 - i. **Fjóla** bendir á að aðgangsstýringin í Öskju hefur einnig áhrif á þá hópa sem eru utanaðkomandi, t.d. gestafyrirlesarar o.s.frv. **Dagbjört** bendir á að það sé ekkert afsláttarsvæði fyrir Hopp í Stakkahlíð – skrifstofan fer í málið – einnig spyr Dagbjört hvort það væri ekki best að fá kynningu á þessum málum frá bílastæðahópnum til að vera með málin alveg á hreinu. **Forseti** svarar að það standi til að fá kynningu frá þeim aðilum sem vinna að málunum þegar að niðurstöður eða aðrar marktækar vendingar hafa orðið.



Eiður spyr hver gagnrýnin sé nákvæmlega varðandi framkvæmdina á aðgangsstýringunni í Öskju

Forseti svarar að gagnrýnin hafi aðallega snúið að því að Háskólinn hafi ekki búið sig undir möguleg vandamál sem kynnu að rísa við þessa framkvæmd og að ekki hafi verið leitað samráðs við stúdenta. Einnig hefðu mætt upplýsingar um þetta vera skýrari og aðgengilegri.

Eiður: Yrðuð þið enn þá gagnrýnin á hliðið ef vandamálin sem eru nú til staðar yrðu leyst?

Forseti svarar að ekki sé búið að taka afstöðu til hliðsins í sjálfu sér en að gagnrýnin snúist aðallega að framkvæmdinni.

Júlíus Viggó spyr hvort að minnst hafi verið á tillögu Umhverfis- og samgöngunefndar um lausn á bílastæðavandanum þar sem lagt er til að stúdentar geti lagt í gjaldskyld bílastæði en skannað stúdentakortið í mælinum til að komast hjá því að greiða.

Forseti svarar að sú tillaga hafi ekki borið á góma hingað til. Forseti bendir á að nálgun hennar í þessu máli hafi ekki verið að leggja til hugmyndir að lausnum fyrir Háskóla Íslands, þó svo að það sé auðvitað jákvætt að gera svo, heldur sé hún að þrýsta á Háskóla Íslands að leita leiða til þess að leysa þetta sjálfur.

Berglind bendir á aukið óöryggi sem skapast hefur með hliðinu vegna þeirra bíla sem leggja ólöglega við vegkantinn.

7. Hlé 18:30-18:40

Intermission

8. Tillaga um úttekt á vinnubrögðum skrifstofu SHÍ (atkvæðagreiðsla) - Júlíus Viggó Ólafsson 18:45-19:00

Proposal for review of working practices in the Student Rights Office (voting) - Júlíus Viggó Ólafsson

- a. Tillöguberi, Júlíus Viggó Ólafsson flytur tillöguna.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

14. nóvember 2023

- T I L L A G A -

Úttekt á vinnubrögðum skrifstofu SHÍ

Lagt er til að Landssambandi Ungmennafélaga (LUF) verði falið að gera úttekt á vinnubrögðum skrifstofu SHÍ, m.a. með tilliti til upplýsingagjafar, meðferð mála og heimildar til fjárúttekta í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema um skrásetningargjald Háskóla Íslands, með úrskurði nr. 4/2023. Þá myndi SHÍ leitast eftir gjaldfrjálsri lögfræðiaðstoð LUF til að úrskurða hvort brot hafi átt sér stað við vinnslu málsins.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentaráð er vettvangur fyrir kjörna fulltrúa stúdenta til þess að vernda hagsmuni stúdenta. Þá er eðlilegur hluti stjórn mála að fylkingar séu ósammála um hvernig eigi að fara að þeirri hagsmunabaráttu. Þrátt fyrir ósætti fylkinga, í landspólitík eða innan veggja háskólans, er þó grundvöllur alls lýðræðis að reglur og lög séu virt, líkt og gildir um niðurstöður kosninga eða annað. Stúdentaráð starfar í umboði stúdenta og skrifstofa SHÍ starfar í umboði ráðsins. Í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema réðst skrifstofa SHÍ í umfangsmikla vinnu án aðkomu ráðsins. Þá keypti skrifstofan einnig lögfræðikostnað að fjárhæð 220.000 kr. án aðkomu ráðsins. Vaka lýsir yfir áhyggjum á því að störf skrifstofunnar séu ekki borin undir ráðið og telur mögulegt að skrifstofa SHÍ hafi farið út fyrir umboð sitt með háttsemi sinni. Fulltrúar Vöku telja þó mikilvægt að áður en fullyrðingum um áðurnefnt álitamál er slengt fram, að óháðum aðila verði gert að rýna í málsatvik og úrskurða um gildi þeirra í samræmi við þessa tillögu. Vaka fær ekki betur séð en að LUF sé nærtækasti vettvangurinn sem unnt væri að beina máli sem þessu til.

Júlíus Viggó Ólafsson, stúdentaráðsliði

b. Mælendaskrá opin.

i. **Rakel Anna:** Ég furða mig á þessari tillögu. Það er ekki hlutverk LUF að rannsaka hvort aðildarfélag þeirra séu að fylgja sínum lögum. Það er skýr farvegur innan laga Stúdentaráðs sem tæklar svona mál og er það hlutverk Stúdentaráðs að mynda sér afstöðu um það hvort fulltrúar ráðisins brjóti reglur.

Steinunn: Í rökstuðningnum var nefnt að þetta væri ákjósanlegri lausn en að takast á um þetta í fjölmiðlum en við höfum þegar tekist á um þetta í fjölmiðlum, þar sem Stúdentaráð var gagnrýnt. Það skiptir máli að Stúdentaráð virki sem ein heild. Ég skil ekki hvers vegna Vaka myndi kjósa með kröfu sem er að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hennar mati svo illa unnin. Ég skil ekki að skipta um skoðun daginn eftir og lýsa opinberlega að krafan hafi verið illa unnin. Ég skil ekki að leggja svo mikla orku í að grafa undan Stúdentaráði frekar en að nýta hana í að vinna að þróun málsins. Ástæðan fyrir því að ég bendi á þetta er vegna þess að mig grunar að hvatinn snúi að milliflokkspólitík sem mér finnst ekki eiga heima á fundum Stúdentaráðs.

Júlíus Viggó: Jú, það er vissulega rétt að við höfum þegar tjáð okkur í fjölmiðlum en það er í samhengi við atburðarás vikunnar sem á sér stað. Stúdentaráðsliðar Vöku hafa ekki upplýsingar um gang þessa máls fyrr en með mjög litlum fyrirvara fyrir fund. Við komumst svo aukalega að upplýsingum í kjölfar fundsins sem breytti þeirri mynd sem áður lá fyrir.

Rakel Anna: Hvaða aukalegu upplýsingar eru þær sem þú vísar til?

Júlíus Viggó: Við ráðfærum okkur t.d. við aðila með sérfræðipækkingu og sú atburðarás er í gangi 24/7 út vikuna. Það er ekki eðlilegt að fá umsögnina sem kosið var um með 24 klukkustunda fyrirvara til að taka upplýsta ákvörðun. Í umræðum okkar (stúdentaráðsliðar fyrir hönd Vöku) fyrir fund og á fundinum sjálfum fórum við fram og til baka hvort við ættum að sitja hjá eða kjósa með því auðvitað er Vaka sammála því að séu ekki forsendur fyrir gjaldinu, þ.e. að einhver hluti þess sé dæmdur ólöglegur, þá eigi að endurgreiða hann. Við viljum ekki að það líti einhvern veginn út að Vaka sé að skila auðu í þessu máli. Svo kemur í ljós að þetta mál er miklu flóknara en þa. Þetta er mál sem er ekki hægt að setja sig inn í á 24 klukkustundum og Stúdentaráð hefði átt að vera með í ráðum frá byrjun til þess einmitt að koma í veg fyrir ósameinað Stúdentaráð. Þær ákvarðanir sem voru teknar af Vöku eru í beinu samræmi við þær upplýsingar og þann tíma sem við höfðum á því stigi málsins.

Rakel Anna: Þú nefnir að það sé ekki eðlilegt að Ráðið fái aðeins 24 klukkustundir, það er rétt að ekki er óskandi að gefa aðeins þennan fyrirvara. Það er hins vegar skýr heimild fyrir þessu í lögum. Þetta var allt saman gert eins fljótt og hægt var. Ég geri mér grein fyrir að fyrirvarinn yrði stuttur og því reyndi ég að gera fólki viðvart með meiri fyrirvara, í fundarboði var tilkynnt að fyrirvarinn til að kynna sér gögnin yrði skammur þegar þau bærust.

Júlíus Viggó: Skrifstofan veit af úrskurðinum 6. október og það hafa verið tveir stúdentaráðsfundir síðan þá. Það hefði verið eðlilegra að upplýsa Stúdentaráð um að það væri mál í gangi. Mér finnst ekki eðlilegt að bera fyrir sig rök um



Stúdentaráð Háskóla Íslands

að það sé of mikil áhætta á upplýsingarleka, þ.e. að ekki sé hægt að upplýsa lýðræðislega kjörna fulltrúa um að málið sé í gangi. Við erum ósammála um að staðið hafi verið rétt að þessu máli og ég hef áhyggjur af því að brotið hafi verið á verklagsreglum, t.d. með því hvernig heimildin til að kaupa lögfræðisþjónustuna var fengin með samtölum við meðlimi stjórnar þar sem áheyrnarfulltrúar voru ekki upplýsti. Það var greinilega samið um kaup á þjónustu lögfræðings 17. október án þess að búið væri að samþykka fjárhagsáætlun, síðan þegar hún var rædd, og þá sérstaklega liðurinn sem borið er fyrir sig að lögfræðisþjónustan falli undir, þá er ekki notað tækifærið til að greina frá að meginþorri kostnaðarliðsins sé að fara í þetta tiltekna mál heldur er aðeins greint frá dæmum um smávægileg tilfallandi útgjöld sem komu til á síðasta rekstrarári. Ég hef áhyggjur af því að þetta sé brot á verklagsreglum Stúdentaráðs þegar kemur að upplýsingaskyldu stjórnar til Ráðsins. Vegna þessara áhyggja, og þar sem við erum líklegast að fara að vera ósammála um hvort að þetta séu brot á verklagsreglum, þá sé tilvalið að við nýtum gjaldfrjálsa lögfræðisþjónustu frá óháðum aðila (LUF) til að skera úr um það. Ef farið var rétt að verki ætti ekki að vera nein ástæða til að setja þetta til skoðunar.

Kristmundur: *Við getum talað um eðlilegt vs æskilegt – það hefði vissulega verið æskilegt að fá aðgang að gögnum um málið fyrr. Við erum hins vegar að tala um mjög viðkvæmt mál sem snertir persónu og málið sjálft var á mjög viðkvæmu stigi á þessum tíma. Þannig þó svo að það sé ekki æskilegt að fá svona stuttan fyrirvara, þá finnst mér það eðlilegt þegar tekið er tillit til kringumstæðnanna.*

Kristmundur fer fram á svohljóðandi bókun:

Það er engin ástæða til að óska eftir umræddri úttekt vegna þess að það er ekki að sjá að skrifstofan hafi gert neitt rangt. Við hlustuðum öll á yfirferð forseta um tímalínu málsins og það er ljóst að þau tóku hvert einasta skref vandlega til að tryggja hagsmuni stúdenta, að sjálfsögðu eftir verklagsreglum sem kveða á um upplýsingagjöf, meðferð mála og heimildir til fjárúttekta. Þess vegna þykir mér þetta óþarfi og ætla að kjósa gegn tillögunni.

Rakel Anna: *Mig langar til að beina athygli að því að lög Stúdentaráðs eru ekki sambærileg landslögum, þetta eru samþykktir sem við vinum eftir. Við*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

erum með lög Stúdentaráðs og verklagsreglur. Það hefur borið á góma að þessar verklagsreglur séu óskýrar í samanburði við lögina sem standa. Þessi lög eru ekki þannig að þið séuð ekki fullfær um að mynda ykkur afstöðu um það hvort að fulltrúi fylgi settum lögum og verklagsreglum. Í því samhengi vil ég hafna því að ástæða sé til að nýta sér gjaldfrjálsa lögfræðihjónustu LUF til að skera úr um þetta. Ráðið ætti að geta tekið afstöðu um þetta mál upp á eigin spýtur á þessum vettvangi hér – það er skýr farvegur fyrir þetta, sem er vantrauststillaga. Úttektin sem hér er lögð til er því tímaeyðsla.

Arna: Þú nefnir upplýsingaflæði stjórnar til Stúdentaráðs – ég sé ekki neitt um þetta í verklagsreglum. Í hvað ertu að vísa?

Júlíus: (Vísar í verklagsreglur SHÍ um Stjórn Stúdentaráðs, 1.1 Heimildir stjórnar til atkvæðagreiðslna og ákvarðanatöku) Til að mynda þegar fjárhagsáætlun liggur fyrir og ákvörðun er tekin um fjárlát upp á 220 þús. krónur innan liðs sem er áætlaður 250 þús. krónur og ekki skilgreindur á neinn hátt nema sem miscellaneous. Liðurinn er ræddur sérstaklega á stúdentaráðsfundi en ekki greint frá því að svo stór hluti hans sé að fara í þetta óvenjulega og sérstaka útgjald sem snertr þetta stóra mál sem endar svo í fjölmiðlum.

Guðni: Mögulega eru verklagsreglurnar það opnar og óljósar að erfitt sé að ræða þetta og skera úr um hvort að eitthvað brot hafi átt sér stað. Mér finnst því óþarfi að fá utanaðkomandi aðila til að rannsaka þetta þar sem verklagsreglurnar eru matskenndar.

Eiður: Ef ykkur finnst ekkert vera að framkvæmdinni, þá skil ég ekki hverju við töpum á því að láta skoða þetta.

Linda Rún: Þú nefndir að þið fenguð einhverjar frekari upplýsingar eftir fundinn – hverjar eru þær?

Júlíus: Alveg eins og skrifstofa Stúdentaráðs leitaðist eftir utanaðkomandi aðstoð til að fóta sig í þessu máli þá fengum við t.d. álit og ráðgjöf frá ytri aðilum, t.d. eldri Vökuliðum, sem hafa sérþekkingu á slíkum málum. Þetta var lítil fyrirvari að ná utan um málið og því var þetta hægt og bítandi að berast til okkar út vikuna og eftir hana.

Arna: Hvaða upplýsingar eru þetta?

Júlíus: T.d. álit frá þessum fyrrnefndu sérfræðingum, niðurstöður úr fyrri málum sem setur þetta betur í samhengi o.s.frv.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Arna: Var það á ábyrgð skrifstofu að koma með þessar upplýsingar sem þú fékkst annars staðar frá?

Júlíus: Nei, þetta var nefnt áðan í því samhengi að rökstyðja afstöðu Vöku til málsins og þróun hennar eftir að hafa kosið með kröfunni á fundinum.

Arna: Ég skil það, en þú talaðir um upplýsingar sem höfðu verið vendipunktur í ykkar afstöðu sem hefðu mátt fylgja fyrir fundinn.

Júlíus: Það á við um þessi utanaðkomandi álit meðal annars, en t.d. líka minnisblaðið sem við fáum í hendur með skömmum fyrirvara.

Daníel Hjörvar: Mér finnst á málflutningi á forseta að hún væri ekki viss hvort þessar reglur giltu þar sem ekki er um að ræða landslög. Forseti segir síðan að Stúdentaráðsliðar eigi að vera fullfærir um að mynda sér skoðun á þessu, sem þau eiga að sjálfsögðu að vera. Svo kemur rökstuðningur frá Guðna um að það eigi ekki að ráðast í aðgerðirnar sem Júlíus lagði til af því þetta er svo óljóst og matskennt. Þá spyr ég Forsetann, lítur þú svo á að verklagsreglur gildi um þín störf?

Rakel Anna: Já, ég lít svo sannarlega á að verklagsreglur SHÍ gildi um mín störf og ég reyni í öllum mínum störfum að fylgja þeim eftir fremsta megni. Ég trúi því að í þessu máli hafi ég ekki gerst brotleg við verklagsreglur.

Daníel Hjörvar: Mér finnst að ef stúdentaráðsliðum finnst þetta óljóst og matskennt sé einmitt ríkt tilefni til að láta skoða þetta.

Rakel Anna: Vil benda á að í lok klausunnar sem Júlíus Viggó las upp að þá kom fram með skýrum hætti að stjórn ætti að upplýsa ráðið með eins ríkum hætti og kostur er. Þetta er auðvitað matskennt og ég mat það í öllum aðdragandanum að ég upplýsti Ráðið eins ríkulega og kostur var á þeim tíma. Því miður var ekki kostur til að gera þetta öðruvísi en svona. Ég skil mjög vel að það er heilmikil vinna að sitja í Stúdentaráði og að það sé óþægilegt að fá aukafund með litlum fyrirvara en því miður kallaði þetta mál á slíkar aðgerðir. Til að svara tímasetningu og vitneskju skrifstofu af úrskurðinum þá fékk ég þennan úrskurð ekki í hendurnar sem Forseti Stúdentaráðs. Þetta er ekki gagn sem Ráðið hafði aðgang að nema í gegnum persónuna sem stendur í þessu máli og þess vegna þurftu hagsmunir persónunnar alltaf að vera í fyrirrúmi þegar teknar voru ákvarðanir um málið. Ég gat því ekki ákveðið hvort að þetta yrði opinberað fyrir eða síðar nema með persónuna með í ráðum. Það var alltaf bara ætlunin að kynna minnisblaðið frá lögfræðingi á fundinum en eftir að við



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fengum ósk um að dreifa blaðinu til Stúdentaráðs gerðum við svo eftir fundinn og nú hafið þið minnisblaðið á læstum aðgangi.

Júlía: *Ég set stórt spurningamerki við þessa tillögu og þá sérstaklega varðandi gagnrýni á upplýsingaflæði stjórnar til Stúdentaráðs, um leið og einhver stúdentaráðsliði lak máli síðasta fundar til fjölmiðla fyrir blaðamannafundinn. Forseti Stúdentaráðs hefur útskýrt oft en einu sinni af hverju Stúdentaráðsliðar fengu ekki upplýsingarnar fyrr en raun bar vitni og stór hluti af því var einmitt sá að upplýsingarnar voru viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sem snerta persónu. Samt sem áður ratar þetta í fjölmiðla, af hálfu einhvers stúdentaráðsliða sem rennir stöðum undir þá varkárni sem þarf að gæta að þegar að viðkvæmum upplýsingum er deilt – burtséð frá þeim kringumstæðum sem varða Jessý og hennar samhengi og ákvarðanatöku. Þess vegna ætla ég að kjósa gegn þessari tillögu.*

Arna Dís: *Það kemur fram í verklagsreglum að stjórn hafi heimild til að samþykka nauðsynleg fjárhagsleg útgjöld innan hóflegra marka. Þannig í rauninni ættum við ekki að gagnrýna ákvarðanatöku skrifstofunnar í aðdraganda málsins og hvort hún sé í takt við verklagsreglur, því skv. þessu væri alveg hægt að túlka svo að ekkert brot hafi átt sér stað. Við ættum frekar að gagnrýna verklagsreglurnar í heild. Það ætti því frekar að fara í endurskoðun á þeim. Mér heyrir á forseta lagabreytinganefndar að það sé samhljómur um að verklagsreglurnar séu matskenndar þannig það er frekar vandinn sem við ættum að horfa á.*

Daníel Hjörvar: *Hvað sem líður að gagnrýna verklagsreglurnar sem slíkar þá er Forseti búinn að segja að þær gilda um sig og sín störf.*

Júlíus Viggó: *Ég kann alls ekki að meta þær ýjanir að stúdentaráðsliði á vegum Vöku hafi lekið upplýsingunum til fjölmiðla. Þetta átti sér ekki stað. Það eru fjölmargir aðilar sem vissu af þessu máli, áður en það var rætt á stúdentaráðsfundinum sem gætu hafa átt þátt í því athæfi. Enn fremur finnst mér ekki boðlegt að bera það fyrir sig að lýðræðislega kjörnum fulltrúum stúdentaráðs sé ekki treystandi fyrir meðhöndlun viðkvæmra upplýsinga og þátttöku í mikilvægum ákvarðanatökum með þessum hætti, og nota þetta sem einhverja afturvirknan rökstuðning fyrir því. Slíkur málflutningur finnst mér varhugaverður.*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Rakel Anna bendir á að málflytningurinn sem Júlíus vísaði í komi frá stúdentaráðsliða en ekki henni. Hún nefndi aðrar forsendur þess að efnið var ekki kynnt fyrir Ráðinu.

Júlíus: Við erum efnislega ósammála um matskennða liði. Mér finnst varhugavert ef skrifstofan í framtíðinni, hvers konar sem hún er, geti bara sópað vafamálum undir teppið því ekki sé pólitískur vilji til að taka málið fyrir og þar með liggi það bara dautt. Við myndum ekki vilja að slík vinnubrögð væru á lýðræðislegum vettvangi á landsvísu eða sveitarfélögum. Það munu koma upp vafamál í framtíðinni og það er á okkur að setja fordæmi fyrir þessu. Ef að meirihluti Stúdentaráðs forðast það að skjóta þessu til óháðs aðila til skoðunar, þá gefur það í skyn að framið hafi verið brot. Ef enginn gerðist brotlegur þá þolir málið dagsljósið. Ég hvet ykkur til að kjósa með tillögunni. Ef við gerum þetta ekki þá höldum við þessu sári opnu.

c. Atkvæðagreiðsla:

Samþykki: 5 – Vökuliðar

Á móti: 12 – Röskvuliðar

Tillagan skoðast því felld.

9. Tillaga um viðbót við framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar (atkvæðagreiðsla) - Berglind Bjarnadóttir 19:00-19:15

Proposal to update the Student Council's Transportation and Environmental Affairs

Committee implementation plans (voting) - Berglind Bjarnadóttir

a. Tillöguberi, Berglind Bjarnadóttir, flytur tillöguna.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

14.nóvember 2023

- TILLAGA -

(Viðbót við framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ 2023-2024)

Bæta við markmiði undir kaflann skipulagsmál í framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ.

Markmið	Aðgerðir
Leita leiða til þess að auka öryggi háskólasvæðisins fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur	<ul style="list-style-type: none">Fá fleiri gangbrautir á háskólasvæðiðVinna að því að fá gulmerkta kant á Sturlugötu á milli Öskju og GróskuFá fleiri ljósastaura á illa upplýsta göngustíga háskólasvæðisins

- RÖKSTUÐNINGUR -

Mikilvægt er að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á háskólasvæðinu. Eins og er, er ekkert í framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar sem snýst um umferðaröryggi vegfarenda en við teljum mikilvægt að bæta því við.

Við erum komin með hugmyndir að tveim staðsetningum þar sem væri gott að bæta við gangbraut til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Á þessum stöðum labba nemendur reglulega yfir götuna þar sem gangstéttin beinir þeim þá leið en engin gangbraut er merkt þar.

Einnig viljum við fá gulan kant á Sturlugötu milli Öskju og Grósku, þar leggja bílar nú reglulega og gera götuna nánast einbreiða. Það veldur miklum umferðartöfum og aukinni hættu fyrir alla vegfarendur þar sem einstaklega erfitt er fyrir bíla að sjá gangandi og hjólandi vegfarendur sem eiga þar leið um.

F.h. Umhverfis- og samgöngunefndar,

Berglind Bjarnadóttir, forseti UmSam

b. Mælendaskrá opin:

- Dagmar* finnst þetta frábært og bendir á hugmynd um göngustíg.
Dagbjört bendir á að það er t.d. enginn gangbraut frá malarstæðinu yfir Sæmundargötu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

10. Önnur mál 19:15-19:30

Other issues

- a. *Steinunn fer fram á svohljóðandi bókun:*
- i. *Röskva og Vaka eiga sameiginlegt markmið að bæta hagsmuni og stöðu stúdenta í samfélaginu og tel ég þess vegna mikilvægt að milliflokkspólitík sé lögð til hliðar á stúdentaráðsfundum. Stúdentaráð á að einsetja sér að gæta að hagsmunum stúdenta, ekki hagsmunum fylkinganna.*
- b. *Eiður spyr hvort að Stúdentaráð hafi átt þátt í því að flýta prófunum á VoN til að samræma sviðin. Þetta sé einstaklega óheppilegt fyrir VoN þar sem ekkert upplestrarfrí er nú raunin.*
- i. *Forseti bendir á að þetta væri eitthvað sem sviðsráð VoN gæti þrýst á.*

Rakel Anna er með annað mál en ber upp að loka þessum hluta fundarliðsins

Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

- c. *Annað mál – lokaður fundarliður.*
- d. *Daníel fer fram á svohljóðandi bókun:*
- i. *Nú liggur fyrir að tillaga þess efnis að vinnubrögð skrifstofu SHÍ verði send til LUF, hvar SHÍ er aðili, til þess að fá ókeypis lögfræðialit frá sambandinu, hefur verið hafnað. Stúdentaráðsliðar Vöku harma þetta. Umræðan um málefnið einkenndist af misjöfnum skilningi og trú á ágæti, efni, og gildi viðeigandi verklagsreglna, sem forseti taldi sig þó þurfa að hlýða. Forseti bendir á að eina leiðin fær til að slá botn í þetta mál sé að lýsa yfir vantrausti á hann eða skrifstofu hans.*

Stúdentaráðsliðar Vöku eru því ekki sammála að heimild Stúdentaráðs til vantrausts girði með nokkrum hætti fyrir heimild ráðsins til að nýta sér tillagða heimild. Rennir sá vafi, ásamt umræðum um efni, skýrleika, og gildi verklagsreglna og laga Stúdentaráðs, stoðum undir það, að skynsamlegt væri að einfaldlega leita svara. Stúdentaráðsliðar Vöku telja það óskynsamlegt og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

óeðlilegt, hvað sem líður landslögum, að sópa málinu undir teppið með þessum hætti.

Stúdentaráðsliðar Vöku telja að þau rök sem borin voru upp í umræðum að engin vísbending væri um að brot hafi átt sér stað, haldi engu vatni, af því stúdentaráðsliðar Vöku telja það mögulegt.

Ef ekkert brot átti sér stað, ætti að vera ekkert mál að athuga það.

Takk fyrir.

*Undir bókunina taka
Alex Elí Schweitz Jakobsson
Eiður Snær Unnarsson
Elísabet Sara Gísladóttir
Júlíus Viggó Ólafsson*

11. Bókfærð mál

Recorded issues

12. Fundi slitið 19:30

Meeting ends